



Akraneskaupstaður

**1421. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þriðjudaginn 28. október 2025 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2510122 - Breyting á deiliskipulagi Skógarhverfis 3C - Skógarlundur 17 og 19

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að gerðar verði breytingar á deiliskipulagi í Skógahverfi, áfanga 3C, þannig að nýtingarhlutfall á raðhúsaloðum Skógarlundi 17 og 19 verði lækkað í 0,5. Breytingarnar eru gerðar til að mæta þörfum markaðarins.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt samkvæmt 2. mgr. 43. gr., með vísun í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. 2510131 - Umsókn til skipulagsfulltrúa - Breyting á deiliskipulagi Smiðjuvellir 12-22

Sótt er um að breyta deiliskipulagi Smiðjuvalla. Í breytingunni felst að auka íbúðafjölda frá 266 og upp að 268, breytingar á greinagerð um svalaganga og sérafnotareita á jarðhæð verða 4m frá húsi í stað 3m. Breyting er gerð á byggingarreit atvinnuhúsnæðis, annað er óbreytt.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt samkvæmt 2. mgr. 43. gr., með vísun í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. 2509020 - Suðurgata 18 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn um að stækka lóð að Suðurgötu 18. Sótt er um stækkun lóðar í suður, í átt að Akursbraut, lóðin er í dag 441,5 fm. og verður eftir stækkun 475,9 fm.

Erindið var grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 44. gr skipulagslaga nr. 123/2012. fyrir Suðurgötu 16 og 20.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að grenndarkynning sem gerð var skv. 43. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr 123/2010 verði samþykkt og send á Skipulagsstofnun og í B-deild stjórnartíðinda.

Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni fellur á lóðarhafa.

4. 2508001 - Smiðjuvellir 15 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn lóðarhafa Smiðjuvalla 15 um stækkun á lóð í átt að Akranesvegi.

Samkvæmt uppdrætti frá Ask Arkitektum dagsettum 05.09.25 felst að núverandi lóð er 11.351,7 fm. en verður 12.233,2 fm., heildarstækkun nemur 871,5 fm. til norðurs. Bílastæðum fjölga um 40 á lóð.

Erindið var grenndarkynnt var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.

123/2012. fyrir Smiðjuvöllum 9 og 17.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að grenndarkynning sem gerð var skv. 43. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr 123/2010 verði samþykkt og send á Skipulagsstofnun og í B-deild stjórnartíðinda.

Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni fellur á lóðarhafa.

Fundargerðir til kynningar

5. 2501002 - Fundargerðir 2025 - bæjarráð

3605. fundargerð bæjarráð frá 16. október 2025.

3606. fundargerð bæjarráðs frá 23. október 2025.

6. 2501003 - Fundargerðir 2025 - velferðar- og mannréttindaráð

253. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 22. október 2025.

7. 2501004 - Fundargerðir 2025 - skóla- og frístundaráð

271. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 22. október 2025.

8. 2501005 - Fundargerðir 2025 - skipulags- og umhverfisráð

335. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 22. október 2025.

9. 2501025 - Fundargerðir 2025 - Heilbrigðisnefnd Vesturlands og fylgiskjöl

198. fundargerð Heilbrigðisnefndar Vesturlands frá 13. október 2025.

10. 2501029 - Fundargerðir 2025 - Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynningar

986. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 10. október 2025.

28.10.2025

Steinar Adolfsson, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.